

Sþ. 207. Tillaga til þingsályktunar [121. mál]

um fiskiðnskóla.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 7 manna nefnd í samráði við fiskmatsstjóra, ferskfiskeftirlitið og helztu samtök fiskiðnaðarins til þess að gera fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í landinu. Skal nefndin m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga efnislega samhljóða þessari hefur verið flutt á undanförunum þingum, en ekki náð fram að ganga. Hefur þó jafnan verið bent á þá staðreynd, að þeir, sem kunnugastir eru þessu máli, séu þess mjög hvetjandi, að ráðizt verði í stofnun sérstaks fiskiðnskóla. Má þar einkum nefna Bergstein Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóra, sem lengi hefur stutt þessa hugmynd og unnið að framgangi hennar, svo og helztu forráðamenn í samtökum fiskiðnaðarins (SH, sjávarafurðadeild SÍS o. s. frv.). Á síðasta þingi leitaði allsherjarnefnd sameinaðs þings álitis ýmissa aðila um tillöguna, og eru álitargerðir eftirgreindra aðila nú birtar sem fylgiskjöl með tillögunni sem frekari rökstuðningur: fiskmatsstjóra, ferskfiskeftirlitsins, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sambands isl. samvinnufélaga, Sölusambands isl. fiskframleiðenda, Sambands skreiðarframleiðenda og Fiskifélags Íslands. Jafnframt er birt reglugerð um starfsemi fiskiðnskólans í Vardö í Norður-Noregi, en hugsanlegt er, að sá skóli geti að einhverju leyti orðið fyrirmynd íslensks fiskiðnskóla, a. m. k. er æskilegt, að hin fyrirhugaða nefnd kynni sér starfsemi hans. Það skal tekið fram, að reglugerð þessari mun nýlega hafa verið breytt í vissum atriðum, en eigi að síður er hér að finna meginrættina í starfsemi fiskiðnskólans í Vardö.

Fylgiskjal I.

Umsögn fiskmatsstjóra.

FISKMATSSTJÓRI

Reykjavík, 19. febrúar 1963.

Til allsherjarnefndar hæstvirts Alþingis.

Með bréfi, dags. 1. febrúar 1963, sendi háttv. allsherjarnefnd Alþingis mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fiskiðnskóla. Umsögn mín um málið í aðalatriðum fer hér á eftir:

Sem stjórnandi fiskiðnaðarnámskeiða sjávarútvegsmálaráðuneytisins, frá því þau hófust árið 1947, hef ég litið og lít á þau sem nauðsynlega ráðstöfun til bráðabirgða, en ekki sem fullnaðarlausn mikilsverðs málefnis.

Jafnframt því sem álitnið er, að námskeiðin hafi gegnt sínu hlutverki vel miðað við aðstæður, hefur einmitt í gegnum námskeiðin orðið ljóst, að stærra átaks er þörf.

Hraði undanfarinna ára í framþróun og fjölbreytni á gæðum og framleiðslu sjávarafurða krefst meiri og samræmdari þekkingar við mat hinnar margþættu framleiðslu, og ekki sízt þegar hér er um að ræða aðalútflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Nauðsynleg framþróun þessara mála hlýtur því að verða fastur skóli fyrir fiskmatsmenn og fiskverkunarmenn til undirbúnings slíkum lífsstörfum, enda væru störf kennara að mestu aðalstörf, en ekki aukastörf embættismanna og annarra, svo sem á námskeiðunum.

Um tilhögun fiskiðnskóla leyfi ég mér einkum að benda á eftirfarandi:

1. Fiskiðnskólinn verði rekinn sem sjálfstæð fiskvinnslustöð, þar sem framleiðsla færi fram allt árið, frysting, söltun, herzla og fleiri framleiðslugreinar, eftir því sem heppilegt þætti. Uppistaða starfslíðs við framleiðslu afurðanna væru nemendur skólans.

Á einu ári yrði unnt að ná til allra fisktegunda, svo sem bolfisks, síldar og flatfisks eftir árstíðum, og samkvæmt því framleiða með ýmsum verkunaraðferðum.

Þegar fiskframleiðsla skólans yrði metin til útflutnings, væru nemendur skólans jafnan látnir meta með löggiltum fiskmatsmönnum undir stjórn yfirfiskmatsmanna í hverri grein. Tækju þá nemendur próf eftir því, sem ákveðið yrði um æfingu þeirra og hæfni.

2. Skólann mætti miða við tvennt:
 - a. Þá, sem ætluðu sérstaklega að leggja stund á fiskmat.
 - b. Þá, sem ætluðu sérstaklega að leggja stund á umsjón með framleiðslu fyrir sjálfa sig eða aðra.
3. Kennsla væri bókleig og verkleg eftir skiptingu, sem rétt þætti eða hagkvæmust.
4. Með þannig skipulagðan fiskiðnskóla væri öll þjálfun og kennsla í fullkomnu samræmi við þau störf, sem nemendur væru að undirbúa sig undir. Auk þess gæti skólinn leyst af hendi ómetanlega upplýsingaþjónustu almennt, auk þess sem framleiðsla skólans gæti að miklu leyti staðið undir kostnaði við reksturinn.
5. Ekki væri ástæða til, að framleiðslustöð skólans yrði stórt fyrirtæki, en með möguleika til sem flestra framleiðslugreina.

Samkvæmt framanrituðu leyfi ég mér að telja fiskiðnskóla á Íslandi einu jákvæðu lausnina á umræddum málefnum, en ekki neina lausn, þó að námskeiðin yrðu flutt frá einni stofnun yfir á aðra.

Ef nauðsynlegt reynist að halda áfram námskeiðum eftir tilkomu skólans, féllu þau að sjálfsögðu undir starfsemi hans sem hliðarráðstafanir.

Með sérstakri virðingu.

B. Á. Bergsteinsson.

Fylgiskjal II.

Umsögn ferskfiskeftirlitsins.

FERSKFISKEFTIRLITIÐ

Reykjavík, 10. jan. 1963.

Vér höfum móttengið bréf allsherjarnefndar, dags. 11. des., þar sem óskað er eftir umsögn vorri um tillögu til þingsályktunar, 44. mál, um fiskiðnskóla.

Fiskmatsráð ræddi þetta mál á fundi sínum 7. jan., þar sem allir ráðsmenn voru mættir, og var einróma samþykkt að mæla með tillögunni.

Fiskmatsráð telur, að mikil þörf sé fyrir aukna fræðslu, sem miðuð er við þarfir matsmanna og verkstjórnarmanna í fiskiðnaðinum, enda mikill hörgull á sérhæfum mönnum í flestum greinum þessa undirstöðuáttvinnuvegar þjóðarinnar. Telur ráðið, að stefnt sé í rétta átt með löggjöf þeirri, er hér um ræðir.

Virðingarfullt,

f. h. Ferskfiskeftirlitsins og Fiskmatsráðs.

Þórður Þorbjarnarson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal III.

Umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Reykjavík, 6. febrúar 1963.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi, dags. 1. febrúar s. l., beiðzt umsagnar vorrar um tillögu til þingsályktunar um fiskiðnskóla. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni, ályktaði aðalfundur Sölumiðstöðvarinnar 1960 að skora á Alþingi að samþykkja tillögu sama efnis. Afstaða Sölumiðstöðvarinnar hefur ekki breytt síðan.

Fiskmat ríkisins hefur um nokkurt árabil haldið námskeið fyrir verðandi fiskmatsmenn. Námskeið þessi hafa staðið um hálfan mánuð og einkum verið við það miðuð, að fólk með nokkra verklega reynslu úr fiskiðnaði gæti haft af þeim gagn.

Vér teljum oss ekki gera að ómaklegu lítið úr þessari leiðbeiningarstarfsemi, þótt vér teljum, að gagnsemi námskeiðanna hafi einkum verið í því fólgin, að tækifæri hefur gefizt til nokkurrar viðkynningar við það fólk, sem námskeiðin hefur sótt. Á þann hátt hefur tekizt að ná sambandi við marga, sem hæfileika hafa haft til verkstjórnar. Tíminn, sem námskeiðunum hefur verið ætlaður, hefur hins vegar verið allt of stuttur og námsárangur þar af leiðandi mjög yfirborðskenndur.

Fiskvinnsla er mjög sérhæft starf, og vér teljum, að skortur á hæfu fólki til verkstjórnar og ýmiss konar leiðbeiningastarfa hái frystihúsarekstri nú mjög mikið.

Vér teljum, að stofnun fiskiðnskóla mundi, ef vel tækist til, geta haft mikla þýðingu fyrir fiskiðnað landsmanna.

Vér leyfum oss því enn á ný að skora á hæstvirt Alþingi að samþykkja nú tillögu til þingsályktunar, sem fyrir Alþingi liggur, um stofnun fiskiðnskóla.

Virðingarfyllst,

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna,

Einar G. Kvaran.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

Umsögn Sambands ísl. samvinnufélaga.

SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA

Reykjavík, 5. febrúar 1963.

Með tilvísun til bréfs allsherjarnefndar, dags. 1. febrúar s. l., um þingsályktunartillögu um fiskiðnskóla, leyfum vér oss að láta í ljós þá skoðun, að fræðslu og tækifæra til fræðslu um fiskiðnað hafi verið mjög ábótavant hér á landi til þessa. Vér fögnum því þess vegna, að þingsályktunartillaga hefur komið fram um þetta mál, og mælum eindregið með því, að mál þetta verði athugað nánar og bráður bugur undinn að því að koma af stað einhverjum vísni að fiskiðnskóla.

Á þessu stigi málsins erum vér ekki reiðubúnir til þess að láta í ljós neinar ákveðnar skoðanir um, hvernig slíkum skóla skuli hagað, enda gerum vér ráð fyrir því, að fyrir flutningsmönnum vaki, að byrjað verði smátt, en að starfsemin yxi smám saman, eftir því sem reynsla fengist. Vér vildum þó aðeins mega benda á,

að á þessu stigi málsins væri e. t. v. vel þess vert að leita upplýsinga um starfsemi fiskiðnskóla þess, sem rekinn er í Vardö í Noregi.

Virðingarfyllst,

Samband ísl. samvinnufélaga, deild 31,

Valgarð J. Ólafsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal V.

Umsögn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda.

SÖLUSAMBAND ÍSLENZKRA FISKFRAMLEIÐENDA

Reykjavík, 4. febrúar 1963.

Vér höfum mótttekið bréf yðar, dags. 1. þ. m., þar sem óskað er eftir umsögn vorri um tillögu til þingsályktunar um fiskiðnskóla.

Vér teljum, að nauðsyn beri til að stofna fiskiðnskóla til þess að húa menn undir fiskmatsstörf, verkstjórn og leiðbeiningarstarfsemi í fiskiðnaði og fiskvinnslu. Um 90% af útflutningi landsins er fiskur og fiskafurðir. Það er því mikið í húfi, að fiskvinnsla öll og meðferð á fiski sé sem allra bezt, til að afurðirnar verði úrvals vara, að svo miklu leyti sem unnt er. Óvandvirkni í framleiðslunni veldur stórkostlegu tjóni, þegar lélegar vörur eru framleiddar í stað gæðavöru. Framleiðslu gæðavöru teljum vér bezt tryggða með aukinni þekkingu þeirra manna, sem hafa umsjón með framleiðslunni, og með leiðbeiningarstarfi kunnáttumanna í hverri grein. Það er aðeins hægt með því, að þeim mönnum, sem þessi störf annast, gefist kostur á að afla sér þeirrar þekkingar og reynslu, sem gerir þá hæfa til að inna þessi störf af hendi.

Undanfarin ár hefur verið skortur á matsmönnum til að meta saltfisk til útflutnings og útflutningur á honum því oft tafizt af þeim sökum, og hið sama mun einnig gilda um mat á skreið. Matsmenn við saltfiskmat eru flestir eldri menn, og á hverju ári hætta fleiri eða færri þeirra störfum fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum, en ekki tekst að fá nýja menn til matsstarfa í staðinn vegna þess, hve starfið er slitrótt og tekjur óvissar. Telja ungir menn því ekki ómaksins vert að afla sér þeirrar þekkingar og reynslu, sem nauðsynleg er til að taka að sér matsstörf. Það er því nauðsynlegt, að jafnframt stofnun skóla, sem kenni og þjálfí menn til matsstarfa, verði þeim mönnum, sem þessi störf stunda, tryggð viðunandi atvinnuskilyrði.

Með skírskotun til þess, sem segir hér að framan, viljum vér mæla með, að tilgreind tillaga til þingsályktunar verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda,

H. Þórarinsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal VI.

Umsögn Samlags skreiðarframleiðenda.

SAMLAG SKREIÐARFRAMLEIÐENDA

Reykjavík, 12. febrúar 1963.

Vér höfum móttengið bréf yðar, dagsett 1. febrúar s. l., þar sem þér beiðizt um-sagnar vottorð um hjál. till. til þál um fiskiðnskóla.

Stjórn Samlags skreiðarframleiðenda hefur á fundi sínum þann 8. febrúar s. l. samþykkt að mæla með þessari tillögu til þál. um fiskiðnskóla.

Virðingarfyllst,
Samlag skreiðarframleiðenda,
Bragi Eiríksson,
framkvæmdastjóri.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal VII.

Umsögn Fiskifélags Íslands.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 19. des. 1962.

Vér höfum móttengið bréf hv. allsherjarnefndar, dags. 11. þ. m., þar sem óskað er um-sagnar um till. til þál. á þskj. 44 um fiskiðnskóla.

Með bréfi voru til allsherjarnefndar, dags. 5. des., mæltum vér með till. til þál. á þskj. 34 um endurskoðun laga um stýrimannaskóla Íslands o. fl. Í 2. tölul. þeirrar tillögu er lagt til, að athugað verði um stofnun sérstaks sjóvinnuskóla, þar sem m. a. yrði veitt fræðsla í fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmati og verkstjórn.

Vér fáum ekki annað séð en að hér sé um svo náskyldar tillögur að ræða, að eðlilegast væri, að þær yrðu sameinaðar í eina tillögu, enda fjallað um sama efnið á svipaðan hátt í báðum tillögunum.

Í framhaldi af því, sem vér tókum fram í fyrrgreindu bréfi voru til allsherjar-nefndar, erum vér meðmæltir efni þeirrar tillögu, sem hér um ræðir á þskj. 44.

Virðingarfyllst,
Davíð Ólafsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal VIII.

**Starfsáætlun fyrir rannsóknar- og kennslustofnun sjávarútvegsins
á Finnmörk.**

Staðfest af verzlunarmálaráðuneytinu 28. jan. 1938.

1. gr. Markmið.

Stofnunin (Bruket) skal:

1. Veita faglega kennslu ungum mönnum, sem vilja leggja fyrir sig störf í þágu sjávarútvegsins. Fiskverkunarmönnum með starfsreynslu (eldre tilvirkere) skal gefinn kostur á að taka þátt í náminu sem óreglulegir nemendur, eftir því sem aðstæður leyfa.

2. Vinna að því að auka vörugæði norsks fisks og fiskafurða.
3. Reka rannsóknarstarfsemi með það fyrir augum að bæta núverandi verkunar- aðferðir og vinna að nýjum, bæði að því er tekur til þess hráefnis, sem þegar er notað, sem hins, er til þessa hefur ekki verið gaumur gefinn.

2. gr. Heimkynni starfseminnar.

Starfið skal unnið í „Statens Fiskebruk“ í Vardø.

3. gr. Kennslan.

Námskeið eru 4:

- I. Sameinað vetrar- og vornámskeið, sem varir 5½ mánuð, þ. e. 23 fullar vinnu- vikur, og hefst 15. janúar.
- II. Haustnámskeið, sem varir 3½ mánuð, þ. e. 15 vinnuvikur, og hefst fyrsta virkan dag í septembermánuði.
- III. Sérnámskeið í lýsisframleiðslu. Námskeiðið varir 3 mánuði og hefst fyrsta virkan dag í apríl.
- IV. Námskeið fyrir reynda fiskverkunarmenn, sem ekki hafa aðstöðu til þess að sækja hin venjulegu námskeið. Veita skal einnar viku páskaleyfi.

4. gr.

Á námskeiðunum nr. I, II og III er kennslu hagað sem hér segir:

A. Bókleg kennsla (Teoretísk).

Bókleg kennsla skal bundin við nauðsynlega grundvallarþekkingu:

1. Til þess að efla skilning nemenda á undirstöðuatriðum atvinnuvegarins og hverjar ástæður — faglegar og hagrænar — liggja til grundvallar þeim aðferð- um, sem beitt er í meðferð fisksins, svo og fyrir hinni margvíslegu framleiðslu fiskafurða, flutningi, geymslu, flokkun og sölu.
2. Til þess að nemendur öðlist rétt mat á kerfisbundinni og viturlegri vinnuhag- ræðingu við nútíma tækniáðstæður.
Kennslan fer fram í fiskiðjuverinu sjálfu:
 1. Með fyrirlestrum, skýringum og sýnikennslu í sambandi við raunhæf störf á staðnum.
 2. Með fyrirlestrum og erindaflutningi í fyrirlestrasalnum. Slíkir fyrirlestrar, sem eru skyldugrein, eru haldnir svo oft sem hægt er að útvega fyrirlesara og gagn- legt fræðsluefni.
 3. Með sýnikennslu í sýnikennslustofu eða rannsóknarstofu og námsferðum.
 4. Loks er gert ráð fyrir sjálfstæðu námi í lesstofu og tiltækum söfnum.

Námsgreinar.

1. Náttúrufræði. Fiskarnir, líkamsgerð þeirra og lifnaðarhættir, skordýr, sveppir, gerlar (rotnunargerlar o. fl.). Æfingar og/eða sýnikennsla.
2. Vörufræði og verzlunarlandafræði. Um matfiskana norsku og eiginleika fisk- afurðanna og fæðugildi þeirra, um stöðlun (standardisering), markaði og mark- aðskrófur.
3. Efnafræði. Hagnýt efnafræði, einkum að því er snertir fisk og fiskafurðir.
4. Eðlisfræði. a) Mál og vog, mæli- og vogareiningar og þjálfun í meðferð mæli- og vogartækja, s. s. hitamæla o. fl. b) Meginreglur hitafræði (kæling, hitun og loftræsting), vélfræði og véltækni.
5. Reikningsfærslur og útreikningar í sambandi við fiskkaup, framleiðslu o. s. frv.

B. Verkleg kennsla.

Verklega kennslan fer fram sem vinna í fiskiðjuverinu í samræmi við vinnu-áætlun, sem forstöðumaðurinn gerir fyrir hvern dag (eða viku) í samráði við kennara, verkstjóra og leiðbeinendur.

Öll vinna í fiskiðjuverinu er skylduvinna.

Ákvæði vinnulöggjafar skulu haldin, nema veittar séu sérstakar undanþágur.

Fiskiðjuverið, sem reka skal á hagrænum grundvelli og sem mest þannig, að ekki verði eyður í starfseminni, skiptist í eftirfarandi deildir:

I. Bryggju- og afgreiðsludeild. Móttaka og umsjón í sambandi við uppskipun og útskipun.

II. Ferskfiskdeild. Ísun, flökun, frysting, geymsla í frysti.

III. Deild fyrir saltaðan, þurrkaðan og reyktan fisk og fiskimjöl.

IV. Lýsisdeild. Framleiðsla óhreinsaðs og kaldhreinsaðs meðalalýsis, iðnaðarlýsis og lifrarmjöls.

Nemendur skulu eftir ákveðinni niðurröðun vinna í deildunum undir handleiðslu forstöðumanns, kennara, verkstjóra eða leiðbeinenda.

Nemendur skulu eftir ákveðinni niðurröðun vinna sem flokksstjórar og færa dagbók. Þeir skulu læra að fara með tæki og vélar. Þá skulu þeir í réttri röð vinna á bryggjuskrifstofunni til þess að öðlast raunhæfa þekkingu á reikningsfærslu, útreikningum og vörusendingum.

Til viðbótar hinni almennu kennslu skal nemendum gefinn kostur á að hlýða á „frjálsa“ fyrirlestra, og farnar verða námsferðir, m. a. út á fiskimiðin, þar sem veitt verður tilsögn í meðferð aflans um borð í fiskibátunum.

Kennsla á námskeiðum fyrir starfandi fiskiðnaðarmenn (námskeið IV).

Þeim fiskiðnaðarmönnum, sem geta ekki sótt hin reglulegu námskeið, þ. e. námskeiðin nr. I, II og III, verður veitt aðstaða til þess að fylgjast með kennslu, eftir því sem rúm og aðstaða frekast leyfa. Verður reynt að laga slíkri kennslu í samræmi við áhuga og aðstæður hvers og eins.

5. gr. Rannsóknarstarfsemin.

Unnið verður að rannsókn, sem stofnun þessi á auðvelt með að vinna, eftir því sem við verður komið kennslunnar vegna.

Nemendum verður gefið tækifæri til þess að taka þátt í rannsóknarstörfum, ef þeir óska.

6. gr. Námsskírteini.

Að námskeiðum loknum fá reglulegir nemendur skírteini um þátttöku sína, og er það ritað á sérstakt eyðublað og undirritað af forstöðumanni og minnst einum kennara, verkstjóra eða leiðbeinanda.

Óheimilt er forstöðumanni eða öðrum starfsmönnum að gefa nemendum nokkur önnur vottorð.

Ef nemandi hverfur frá skólanum, áður en námstíma lýkur, fær hann ekki námsskírteini.

7. gr. Tala nemenda.

Á námskeið I og II eru teknir allt að 15 nemendur, sem fá ókeypis kennslu, fæði og húsnæði.

Á sérnámskeið fyrir lýsisvinnslu eru teknir allt að 4 fastir nemendur, sem einnig fá ókeypis kennslu, fæði og húsnæði.

Á námskeiðin fyrir „eldri“ fiskiðnaðarmenn eru nemendur teknir eftir því sem rúm leyfir, og er kennsla ókeypis, en þeir verða sjálfir að greiða dvalar- og fæðis-kostnað.

8. gr. Inntökuskilyrði.

1. Sá, sem óskar að verða reglulegur nemandi, verður:
 - a) Að vera orðinn 18 ára og ekki eldri en 35 ára. Stjórn fiskiðnaðarskólans (lærebruk) getur þó, eftir ábendingu skólastjóra, veitt undanþágur.
 - b) Að senda eiginhandar umsókn til forstöðumannsins um, að hann æski innngöngu í skólann.
 - c) Að senda vottorð um hegðun sína. Vottorðið verður að vera undirritað af „lénsmanni“, presti eða lækni.
 - d) Að senda vottorð frá sjúkrasamlagslækni um, að umsækjandi sé heilsugóður og gangi ekki með smitandi sjúkdóma. Vottorðin skal rita á þar til gerð eyðublöð, sem skólinn lætur í té.
 - e) Að senda vottorð trúverðugra manna um, að umsækjandi hafi unnið við fiskverkun eða fiskveiði í a. m. k. 12 mánuði. Vottorðið skal áritað af „lénsmanni“, presti eða lækni.
 - f) Að senda vottorð um, að umsækjandi hafi öðlzt góða menntun í barnaskóla (folkeskolen).
2. Sá, sem óskar að verða óreglulegur nemandi, verður:
 - a) Að vera orðinn 18 ára, en veita má undanþágu frá því ákvæði.
 - b) c), d), e) og f) sbr. ofanritað.